

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 21. október kl. 09:06, var haldinn 123. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, S. Björn Blöndal, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Sigurður Ingi Jónsson, og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Stefán Finnsson, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Petta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 16. október 2015.

2. **Gylfaflöt 2-4, 6-8, 10-12 og 14, breyting (02.578.3)** Mál nr. SN140686 á deiliskipulagi 501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Orkuveitu Reykjavíkur - Veitur ohf., dags. 17. desember 2014, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 2-4, 6-8, 10-12 og 14 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að mörkum lóðanna nr. 2-4, 6-8, 10-12 og 14 við Gylfaflöt er breytt og heimildir til uppbyggingar eru skilgreindar. Ný innkeyrsla er áformuð um hringtorg frá Hallsvægi. Einnig er skilgreind lóð fyrir dreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur á svæðinu, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 20. maí 2015, breytt eftir auglýsingu 23. september 2015. Tillaga var auglýst frá 5 júní 2015 til og með 17. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Vignir Bjarnason dags. 3. júlí 2015 þar sem meðal annars er óskað eftir framlengingu á athugasemdafresti, Landsnet, dags. 11. júlí 2015, íbúasamtök Grafarvogs, dags. 16. júlí 2015, og Árni Guðmundsson, dags. 19. júlí 2015. Einnig er lögð fram bókun hverfisráðs Grafarvogs frá 10. júlí 2015 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Vegagerðarinnar dags. 27. ágúst 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsstjóra dags. 9. október 2015.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2015.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttirverkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Háteigsvegur 1 og 3, breyting á (01.244.2)** Mál nr. SN140621 deiliskipulagi 660298-2319 Teiknistofan Tröð ehf, Hávallagötu 21, 101 Reykjavík 691101-2580 Bakkastaðir eignarhaldsfél ehf., Pósthólf 17, 121 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Bakkastaða eignarhaldsfélags ehf. dags. 21. nóvember 2014 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.244.2, Egilsborgarreits, vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Háteigsveg. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka núverandi byggingu um eina hæð, byggja eina hæð og kjallara að lóðarmörkum norðan við húsið fyrir verslun og þjónustu, tilfærsla á byggingarlínum, aukning á byggingarmagni o.fl. Kvöð um holræsi og graftrarrétt á norðurmörkum lóðanna nr. 1 og 3 fellur út, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Traðar ehf. dags. 1. júní 2015. Einnig er lagt

fram bréf skipulagsfulltrúa til umsækjanda dags. 3. mars 2015 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. apríl 2015. Tillagan var auglýst frá 27. júlí 2015 til og með 16. september 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún B. Birgisdóttir ásamt beiðni um framlengingu á fresti, dags. 7. september 2015,

Kristján Andrésson og Hrafnhildur Einarisdóttir, dags. 7. september 2015, Þorkell Pétursson dags. 7. september 2015, stjórn húsf. Rauðarárstíg 41, dags. 7. september 2015, Elfa Sif Logadóttir og Marinó A. Jónsson, dags. 7. september 2015, Guðrún Helga Magnúsdóttir, dags. 7. september 2015, Þrúður Helgadottir, dags. 9. september 2015 og Svava María Atladóttir dags. 9. og 10. september 2015, húsfélag Rauðarárstíg 41 dags. 14. september 2015 og eigendur Háteigsvegi 2 og 4 ásamt Rauðarárstíg 41, dags. 16. september 2015. Athugasemdir kynntar. Frestað.

Hildur Gunnarsdóttirverkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Laufásvegur 65**, Bílskúr o.fl. (01.197.010) Mál nr. BN049673
060768-4049 Ásdís Halla Bragadóttir, Laufásvegur 65, 101 Reykjavík
181266-4309 Aðalsteinn Egill Jónasson, Laufásvegur 65, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2015. Sótt er um leyfi til að gera nýja innkeyrslu við eystri lóðarmörk, byggja tvöfaldan bílskúr með tröppum í bakgarð, gera þaksvalir á bílskúr og koma þar fyrir setlaug við tvíbýlishús á lóð nr. 65 við Laufásveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júlí 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 20. ágúst til og með 24. september 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jóhanna Helga Halldórsdóttir, dags. 17. september 2015, Hermann Kristjánsson og Guðborg Auður Guðjónsdóttir, dags. 18. september 2015, Skúli Gunnarsson og Dagný Björnsdóttir dags. 23. september 2015, Ástráður Eysteinnsson og Anna Jóhannsdóttir dags. 23. september 2015, Hanna Gunnarsdóttir og Sigurður Steinþórsson, dags. 23. september 2015 og Dagný Hermannsdóttir og Ólafur Loftsson dags. 24. september 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2015.

Stærð: 58 ferm., 203 rúmm. Gjald kr. 9.823

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2015.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Háskólinn í Reykjavík**, breyting á (01.751) Mál nr. SN150214
deiliskipulagi
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík í samræmi við niðurstöðu hugmyndasamkeppni um deiliskipulag Háskólans í Reykjavík, Háskólagarða. Einnig er lögð fram greinargerð og skilmálar dags. 16. apríl 2015 og uppdættir dags. 16. apríl 2015, uppfærðir 14. maí 2015. tillagan var auglýst frá 5. júní 2015 til og með 17. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Birkir Ingibjartsson dags. 17. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júlí 2015. Jafnframt er lagt fram bréf skipulagsstofnunar dags. 14. september 2015 og uppf. greinargerð og skilmálar dags. 16. apríl 2015, síðast uppf. 14. október 2015.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

6. **Vegamótastígur 7 og 9**, breyting á (01.171.5) Mál nr. SN150286
deiliskipulagi

550305-0380 Reir ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf, Bolholti 8, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Reir ehf. dags. 15. maí 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst m.a. í að hætt er við að endurreisa gamla steinbæinn á þaki nýbyggingar og hætt er við að færa gamla húsið á Vegamótastíg 9 upp á þak o.fl., samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. 29. júní 2015. Tillagan var auglýst frá 20. júlí til og með 24. september 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Rut Agnarsdóttir f.h. eigenda að Grettisgötu 3, 3a og 5, Arna Kristín Gísladóttir, dags. 31. ágúst 2015 og Gísli Petersen, dags. 16. september 2015. Einnig er lagt fram bréf Gísla Petersen, Helgu Björnssonar og Rutar Agnarsdóttur dags. 15. september 2015 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti, athugasemd íbúa að Grettisgötu 3, 3a og 5, dags. 21. september 2015, tölvupóstur Landslaga f.h. eigenda fasteigna að Grettisgötu 3, 3A og 5 þar sem farið er fram á lengri athugasemdarfrest og svar/tölvupóstur umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. september 2015. Jafnframt er lögð fram athugasemd Landslaga f.h. Helgu Björnssonar, Rutar Agnarsdóttur og Öнна Kristínar Gísladóttur, dags. 24. september 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2015. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2015.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka:

Á horni Vegamótastígs og Grettisgötu stendur reisulegt timburhús sem er prýðilegur fulltrúi timburhúsa á svæðinu. Húsið setur mikinn svip á umhverfi sitt enda staðsetningin áberandi og iðulega sjást ferðamenn munda myndavélar sínar í nágrenni þess. Það kallast á við sambærileg hús frá svipuðu byggingarskeiði á mótum Klapparstígs og Grettisgötu. Ekki er fallist á deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að umrætt hús víki. Miklu frekar ætti það að vera útgangspunkturinn í frekari þróun þeirra opnu svæða sem standa sitt hvoru megin við það og styrkja með þeim hætti tengingu við sögulega timburhúsabyggð hverfisins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar S. Björn Blöndal, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

Í nágildandi deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir að umrætt bárujárnshús standi áfram á þeim stað sem það er nú heldur sé það fært ofan á þak nýbyggingar. Deiliskipulagið sem nú er verið að samþykkja er í samræmi við sitt nánasta umhverfi og er heldur til bóta frá núverandi skipulagi að mati meirihluta ráðsins. Búið er að finna umræddu bárujárnshúsi stað í nágrenninu komi til uppbyggingar samkvæmt skipulagstillögunni.

Vísað til borgarráðs.

7. **Örfirisey**, deiliskipulag (01.1) Mál nr. SN140611
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju bréf Faxaflóahafna sf. dags. 14. nóvember 2014 ásamt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 11. nóvember 2014 að deiliskipulagi Örfiriseyjar. Á fundi skipulagsfulltrúa 10. apríl 2015 var tillögunni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi Faxaflóahafna dags. 29. júní 2015 og breyttum deiliskipulagsuppdráttum dags. 29 júní 2015. Tillagan

var auglýst frá 20. júlí til og með 31. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Íbúasamtök Vesturbæjar, dags. 31. ágúst 2015, GP arkitektar f.h. eigenda Fiskislóðar 31, dags. 26. ágúst 2015, Berglind Svavarsdóttir og Jón Ármann Guðjónsson f.h. Lindbergs ehf., dags. 25. ágúst 2015, Kjartan Rafnsson f.h. S.K.Ó., dags. 31. ágúst 2015 og Guðjón Sverrir Rafnsson f.h. Miðfells ehf., dags. 31. ágúst 2015. Einnig er lögð fram lagfærð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2015.

Leiðrétt er bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015 svohljóðandi: „samþykkja framlagða tillögu með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2015“.

Rétt bókun er:

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2015

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar S. Björn Blöndal og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs Gísli Garðarsson samþykkja afgreiðslu erindisins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afreiðslu erindisins og bóka:

Ekki er lagst gegn lagfræringu á bókun fulltrúa meirihlutaflökkanna í umhverfis og skipulagsráði frá síðustu viku. Minniháttar breyting á orðalagi bókunarinnar er fyrst og fremst formlegs eðlis og skýrir nánar afstöðu fulltrúanna til deiliskipulags Örfiriseyjar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina greiddu atkvæði gegn deiliskipulaginu. Sú afstaða er óbreytt.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. SN150548
Kirkjusandur, breyting á aðalskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis og skipulagssviðs dags. 1. október 2015 varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi Kirkjusand miðsvæði M6b vegna fjölda íbúða og magn atvinnuhúsnæðis.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu umhverfis- og skipulagssviðs sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Kirkjusandur 2, Íslandsbanki,** breyting (01.345.1) Mál nr. SN150109
á deiliskipulagi
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ask arkitekta ehf. f.h. lóðarhafa dags. 20. febrúar 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst uppbygging á reitnum þar sem áhersla er lögð á blandaða byggð atvinnu- og íbúðahúsnæðis í samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur, skv. uppdr. Ask arkitekta ehf., dags. 19. október 2015. Einnig er lögð fram greinargerð Ask arkitekta ehf., dags. október 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Páll Gunnlaugsson arkitekt og Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Sigtún 38 og 40, Sigtúnsreitur**, breyting (01.366.0) Mál nr. SN150236
á deiliskipulagi
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Íslandshótel hf., dags. 28. apríl 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 38 og 40 við Sigtún. Í breytingunni felst að lóð nr. 38 er stækkuð og heimiluð er aukin uppbygging hótels á henni og lóð nr. 40 er minnkuð og heimiluð er uppbygging íbúðarhúsa í sex byggingum á henni í stað gróðurskála. Skrifaðir eru nýir sérskilmálar fyrir báðar lóðirnar miðað við breytta uppbyggingu. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Atelier Arkitekta slf., dags. apríl 2015. Tillagan var auglýst frá 29. maí 2015 til og með 10. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Helga Ágústsdóttir, dags. 3. júní 2015, Jón Viðar Gunnarsson, dags. 4. júní 2015 og Salvör Gissurardóttir, dags. 11. júní 2015, Halla Sif Guðlaugsdóttir, dags. 7. júlí 2015, Hildur Bjarnadóttir, dags. 7. júlí 2015, Hjörtur Þór Hauksson, dags. 7. júlí 2015, Anna Halldóra Þórðardóttir, dags. 7. júlí 2015, Þórhallur Jóhannesson, dags. 7. júlí 2015, Axel Eiríksson og Stefanía Sigurjónsdóttir, dags. 8. júlí 2015, Verkfræðingafélag Íslands Árni B. Björnsson, dags. 9. júlí 2015, Kristbjörn Helgason, dags. 9. júlí 2015, Málfríður Kristjánsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Elísabet Magnúsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Jesús Rodríguez, dags. 9. júlí 2015, Inga María Leifsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Jón Ágúst Eiríksson, dags. 9. júlí 2015, Sigrún Drífa Jónsdóttir og Árni Sören Ægisson, dags. 9. júlí 2015, Karl Frank Sigurðsson, dags. 9. júlí 2015, Svala Bryndís Jónsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Hjalti Þórisson og Guðrún Björk Tómsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Jón V. Gunnarsson, dags. 10. júlí 2015, undirskriftalisti 336 íbúa, dags. 9. júlí 2015, Bjarney Jónsdóttir og Guðrún Einarisdóttir, dags. 9. júlí 2015, íbúasamtök Laugardals dags. 10. júlí 2015, Haukur Karlsson og Áslaug Karlsdóttir, dags. 10. júlí 2015, Ásgeir Björgvinsson og Þórhildur Þórhallsdóttir, dags. 13. júlí 2015, Ásgeir Jónsson og Gerður Bolladóttir, dags. 13. júlí 2015, Birkir Fjalar Viðarsson, dags. 13. júlí 2015, Heiðlóa Ásvaldsdóttir, dags. 13. júlí 2015 og Landssamtök hjólreiðarmanna, dags. 13. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 23. júní 2015, umsögn/svar skóla og frístundasviðs, ódags Jafnframt eru lagðar fram fundargerðir umhverfis- og skipulagssviðs frá íbúafundi 13. október 2015 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2015. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2015.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson bóka:

Uppbyggingar á opnu svæðum við Sigtún 38-40 (Blómavalsreit) og Kirkjusandi 2 (Kirkjusandsreit) munu hafa veruleg áhrif á gamalgróid skólahverfi. Enn liggur ekki fyrir hvernig byggt verður á stórum þróunarreit við Köllunarklettsveg. Þétting í hverfi Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla er veruleg fram til 2020 eða 789 íbúðir á tímabilinu. Laugarnesskóli er þegar yfirfullur svo að viðbót á allra næstu árum mun valda erfiðleikum, ekki bara í kennslurými heldur einnig í mótuneyti skólans og í frístundaheimili. Leikskólarnir Hof og Laugasól eru báðir fullnýttir miðað við rekstrarleyfi. Það er því ljóst að fyrirhugaðar uppbyggingar á þróunarsvæðum kalla á fjárfestingar af hálfu borgarinnar. Mikilvægt er að þær fjölskyldur sem flytja munu í hverfið hafi fullvissu um að borgin muni standa við sínar skuldbindingar við börnin bæði á leik- og grunnskólaaldri. Fjárhagsáætlanir til fimm ára eiga að endurspeglar það og best fyrir alla sem hlut eiga að máli að borgin lýsi því yfir strax á þessu stigi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar S. Björn Blöndal og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs Gísli Garðarsson og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

Lóðir þeirra skóla sem þjóna svæðinu (Laugalækja- og Laugarnesskóla) bjóða upp á möguleika á stækkun. Sýni nákvæm rýni á þróun nemendafjölda að auka þurfi við húsnæði skólanna verður sett af stað áætlun um það og þær framkvæmdir rúmaðar innan fjárfestingaramma borgarinnar.

Vísað til borgarráðs.

11. **Kennaraháskóli, reitur 1.254**, lýsing, (01.27) Mál nr. SN150130
deiliskipulag

Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 18. mars 2015 samkv. 1. mgr. 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010 varðandi uppbyggingu á hluta af þróunarsvæði 33 í Aðalskipulagi Reykjavíkur, deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskóli, Einnig er lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl 2015. Lögð fram umsögn hverfisráðs Hlíða, dags. 26. maí 2015. Lagðar fram athugasemdir sem bárust: Magnús V. Guðlaugsson, dags. 8. maí, Björn J. Björnsson, dags. 20. maí, Tryggvi Thorsteinsson, dags. 24. maí, Marín Hrafnisdóttir, dags. 25. maí og Ásgeir Beinteinsson, dags. 28. maí 2015. Einnig er lögð drög að tillögu A2f arkitekta að deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskólinn. Í tillögunni felst uppbygging á hluta núv. lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 50 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúða fyrir námsmenn. Auk þess sem skilgreindar verða upp á nýtt byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands.
Kynnt.

Fulltrúar A2f Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Hverfisskipulag, Hlíðar 3.1** (03.1) Mál nr. SN150530
Háteigshverfi, skipulags- og matslýsing

Lögð fram tillaga skipulagsfulltrúa að skipulags- og matslýsingu fyrir Hlíðar hverfi 3.1 Háteigshverfi dags. 15. september 2015.
Frestað.

Sverrir Bollason víkur af fundi undir þessum lið.

Fulltrúar ráðgjafateymis Helga Bragadóttir og Sigríður Magnúsdóttir, Ævar Harðarson og Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjórar, og formaður hverfisráðs Hlíða Margrét Norðdahl sitja fundinn undir þessum lið.

13. **Hverfisskipulag, Hlíðar 3.2** (03.2) Mál nr. SN150531
Hlíðarhverfi, skipulags- og matslýsing

Lögð fram tillaga skipulagsfulltrúa að skipulags- og matslýsingu fyrir Hlíðar hverfi 3.2 Hlíðarhverfi dags. 15. september 2015.
Frestað.

Sverrir Bollason víkur af fundi undir þessum lið.

Fulltrúar ráðgjafateymis Helga Bragadóttir og Sigríður Magnúsdóttir, Ævar Harðarson og Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjórar, og formaður hverfisráðs Hlíða Margrét Norðdahl sitja fundinn undir þessum lið.

14. **HverfisSKIPulag, Hlíðar 3.3 (03.3) Mál nr. SN150532**
Öskjuhlíðarhverfi, skipulags- og
matslýsing

Lögð fram tillaga skipulagsfulltrúa að skipulags- og matslýsingu fyrir Hlíðar hverfi 3.3 Öskjuhlíðarhverfi dags. 15. september 2015.
Frestað.

Sverrir Bollason vîkur af fundi undir þessum lið.

Fulltrúar ráðgjafateymis Helga Bragadóttir og Sigríður Magnúsdóttir, Ævar Harðarson og Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjórar, og formaður hverfisráðs Hlíða Margrét Norðdahl sitja fundinn undir þessum lið.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir vîkur af fundi kl:12:11 Ólafur Kr. Guðmundsson tekur sæti á fundinum. á sama tíma.

15. **Korngarðar 1,** breyting á deiliskipulagi (01.332) Mál nr. SN150411
220564-4369 Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Odds Víðissonar, dags. 20. júlí 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka Klettasvæði vegna lóðar nr. 1 við Korngarða. Í breytingunni felst að bæta við byggingarreit sunnan megin á lóð nr. 1 við Korngarða að lóðarmörkum Klettagarða 4, samkvæmt uppdrætti Dap ehf., dags. 3. september 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 10. september til og með 8. október 2015. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

16. **Vesturgata 24,** breyting á deiliskipulagi (01.132.0) Mál nr. SN150413
051055-7219 Þorgeir Jónsson, Laugarnesvegur 96, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Þorgeirs Jónssonar, dags. 20. júlí 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 24 við Vesturgötu. Í breytingunni felst uppbygging á lóð, samkvæmt uppdrætti Þorgeirs Jónssonar arktekts, dags. 12. október 2015. Einnig er lagt fram umboð Þórðar Magnússonar f.h. Eignarhaldsfélagsins Norma ehf., mótt. 23. júlí 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

17. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 847 frá 20. október 2015.

18. **Brekkugerði 4,** bílageymsla, stoðveggur, (01.804.404) Mál nr. BN049668
kjallarárými
120479-4829 Hjalti Gylfason, Brekkugerði 4, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. ágúst 2015 þar sem sótt er um leyfi til að byggja nýjan steinsteyptan bílskúr að vestanverðu, koma fyrir geymslukjallara undir verönd 0102 og steypa lágan stoðvegg á lóðarmörkum nr. 6 og 8 við Brekkugerði á lóð

nr. 4 við Brekkugerði. Erindi var grenndarkynnt frá 10. september til og með 8. október 2015. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram samþykki hluta hagsmunaaðila mótt. 14. september 2015.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. ágúst 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2015. Bílaskúr stærð: 33,4 ferm., 84,9 rúmm. Geymslukjallari: 36,3 ferm., 98,0 rúmm. Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

19. **Langagerði 20**, Viðbygging/sólskáli (01.832.010) Mál nr. BN049811
171264-3919 Þorgeir Adamsson, Langagerði 20, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 18. ágúst 2015 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólskála með steiptum sökklum við húsið á lóð nr. 20 við Langagerði. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. ágúst 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 3. september til og með 1. október 2015. Engar athugasemdir bárust.

Erindi BN048250 er dregið til baka með þessu erindi.

Óundirskrifuð umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20. nóvember 2014 fylgja erindi. Stækkun: 5,18 ferm., 13,6 rúmm. Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

20. **Ránargata 29A**, Breytingar utanhúss, (01.135.207) Mál nr. BN049696
kvistur og fl.
691112-0200 Black Sheep ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2015 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja kvist sem fyrir er, byggja nýjan stærri og svalir á vesturhlið og nýjar tröppur og pall við aðalinngang einbýlishúss á lóð nr. 29A við Ránargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 3. september til og með 1. október 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendur að Ránargötu 29 og 31, Stýrimannastíg 4, 6 og 8 og Bárugötu 30, dags. 24. september 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2015.

Stækkun: 6,27 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. júlí 2015 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2015 einnig fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands. Gjald kr. 9.823

Samþykkt með þeim ábendingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2015.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. **Fossagata 6**, Endurnýja þak - portbyggja (01.636.709) Mál nr. BN049336
efri hæð
140880-3379 Hrefna Rósa Jóhannsd. Sætran, Fossagata 6, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2015 þar sem sótt er um leyfi til að endurnýja og portbyggja þak og byggja nýtt bíslag við einbýlishús á lóð nr. 6 við Fossagötu. Erindi var grenndarkynnt frá 24. júlí til og með 22. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hrafnhildur Sigurðardóttir og Atle Vivås, dags. 2. ágúst 2015 og 20. ágúst 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2015.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2015. Einnig

umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. júní 2015. Stækkun: 29,7 ferm., 178,8 rúmm. Gjald kr. 9.823
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2015.
Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

22. **Skúlagata 4**, (fsp) hækkun húss (01.150.3) Mál nr. SN130498
530269-3889 Sjávarútvegshúsið (Skúlagata 4), Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 14. mars 2014 var lögð fram fyrirspurn Sjávarútvegshússins dags. 17. október 2013 varðandi hækkun skrifstofuálmú til suðurs um tvær hæðir á lóð nr. 4 við Skúlagötu.
Frestað.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

23. **Sorpa bs.**, fundargerðir Mál nr. US130002

Lagðar fram fundargerðir Sorpu bs. nr. 354 frá 24. september 2015 og 355 frá 16. október 2015.

24. **Reykjanesfólkvangur**, fundargerðir og Mál nr. US130107
ársreikningur

Lagðar fram fundargerðir Reykjanesfólkvangs frá 25. júní og 23. september 2015.

25. **Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun**, ársfundur 2015 Mál nr. US150218

Lagt fram bréf umhverfisstofnunar, dags. 14. október 2015, varðandi ársfund náttúruverndanefndar sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar 2015 sem haldinn verður þann 12. nóvember 2015.

26. **Göngugötur**, tímabundin lokun vegna Mál nr. US150226
hátíðarinnar Icelandic Airwaves

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, verkefnisstjóra borgarhönnunar, dags. 15. október 2015 um að að Laugavegur, frá Vatnsstíg að mótum Bankastrætis og Þingholtstrætis, og Skólavörðustígur, frá gatnamótum Bergstaðastrætis að Bankastræti, verði tímabundið gerð að göngugötusvæði dagana 4-8. nóvember 2015 vegna hátíðarinnar Icelandic Airwaves.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar S. Björn Blöndal og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs Gísli Garðarsson samþykkja framlagða tillögu

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Ólafur Kr. Guðmundsson og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afreiðslu erindisins. .

Vísað til borgarráðs

27. **Kirkjustræti, Dómkirkjan**, bílastæði Mál nr. US150230

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 14. október 2015, þar sem lagt er til að heimilt verði að merkja tvö bílastæði innan lóðar Dómkirkjunnar að Kirkjustræti.
Samþykkt.

28. **Laufásvegur 53-55, Laufásborg,** Mál nr. US150228
bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 15. október 2015, um að merkt verði bílastæði fyrir hreyfihamlaða við leikskólann Laufásborg að Laufásvegu 53-55.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra Höfuðborgarsvæðisins.

(D) Ýmis mál

29. **Umhverfis- og skipulagssvið,** yfirlit yfir Mál nr. US130118
innkaup

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í ágúst 2015.

30. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US130185
mánaðaruppgjör janúar til ágúst 2015

Kynnt uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs ES og RK fyrir janúar til ágúst 2015.

31. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Gjaldskrá Mál nr. US150225
fyrir handsömun hesta sem ganga lausir í borgarlandinu

Lögð fram gjaldskrá dags. 1. október 2015 fyrir handsömun hesta sem ganga lausir í borgarlandinu.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Ólafur Kr. Guðmundsson og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afreiðslu erindisins.

32. **Rauðagerði 40,** málskot (01.823) Mál nr. SN150511
300949-2319 Sigurjón Guðmundsson, Rauðagerði 40, 108 Reykjavík

Lagt fram málskot Sigurjóns Guðmundssonar, dags. 1. september 2015, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 7. ágúst 2015 varðandi viðbyggingu fyrir stigahús á lóð nr. 40 við Rauðagerði, samkvæmt tillögu Arkís arkitekta ehf. dags. 19. júní 2015.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

Hildur Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

33. **Kjalarnes, erindisbréf,** Starfshópur um Mál nr. US150231
mótun landbúnaðarstefnu

Kynnt drög að erindisbréfi starfshóps um mótun landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes.

34. **Umhverfis- og skipulagsráð,** tillaga Mál nr. US150227

varðandi handbók, tillaga varðandi handbók fyrir framkvæmdaaðila

Fulltrúi Samfylkingarinnar Sverrir Bollason lagði fram eftirfarandi tillögu:

Umhverfis- og skipulagsráð felur sviðsstjóra að útbúa handbók fyrir framkvæmdaraðila sem eru að byggja í grónum hverfum. Bæklingurinn geri grein fyrir þeim reglum sem gildi um umgengni á byggingarstöðum og kynni þær með skýrum og aðgengilegum hætti. Þar verði teknar saman og samræmdar kröfur í lögum, reglugerðum sem og þeim samþykktum sem Reykjavíkurborg hefur sett fram. Leitað skal samstarfs við Vinnueftirlit Ríkisins, Mannvirkjastofnun og Umhverfisstofnun um fjármögnun og útgáfu bæklingins.

Samþykkt.

35. **Betri Reykjavík**, að setja upp ljós við göngu/hjólagötu meðfram Strandveg (USK2015090064) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US150208

Lagt fram erindið „að setja upp ljós við göngu/hjólagötu meðfram Strandveg“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. september 2015. Erindið var þriðja efsta hugmynd septembermánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Frestað.

36. **Betri Reykjavík**, fleiri bekkir í hverfi borgarinnar (USK2015060083) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US150161

Lagt fram erindið „bekkir“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. júní 2015. Erindið var efsta hugmynd júnímánaðar í málaflokknum framkvæmdir. Frestað.

37. **Betri Reykjavík**, upphitað strætóskýli til prófunar (USK2015090062) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US150206

Lagt fram erindið „upphitað strætóskýli til prófunar“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. september 2015. Erindið var efsta hugmynd septembermánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Frestað.

38. **Betri Reykjavík**, halda göngustígum (ekki bara gangstéttum) opnum að vetri (USK2015090065) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US150209

Lagt fram erindið „halda göngustígum (ekki bara gangstéttum) opnum að vetri“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. september 2015. Erindið var fjórða efsta hugmynd septembermánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Frestað.

39. **Betri Reykjavík**, grænar götur í Smáibúðahverfinu (USK2015090063) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US150207

Lagt fram erindið „grænar götur í Smáfbúðahverfinu“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. september 2015. Erindið var önnur efsta hugmynd septembermánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur.
Frestað.

40. **Betri Reykjavík**, skrá alla ketti hjá borginni (USK2015040063) Mál nr. US150125
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fimmta efsta hugmynd aprílmánaðar úr flokknum umhverfismál "skrá alla ketti hjá borginni" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Frestað.

41. **Betri Reykjavík**, gæluðýrageldingar á vegum borgarinnar (USK2015040064) Mál nr. US150124
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd aprílmánaðar úr flokknum ýmislegt "gæluðýrageldingar á vegum borgarinnar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Frestað.

42. **Betri Reykjavík**, meiri gróður í bert og opið land Úlfarsárdals (USK2015060008) Mál nr. US150142
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum umhverfismál "meiri gróður í bert og opið land Úlfarsárdals" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Frestað.

43. **Flókagata 67**, kæra 72/2015, umsögn (01.270.0) Mál nr. SN150528
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 4. september 2015 ásamt kæru, þar sem kærð er synjun á byggingarleyfi vegna lóðar nr. 67 við Flókagötu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra, dags. 11. október 2015.

44. **Laufásvegur 59**, kæra 53/2015, umsögn (01.196.0) Mál nr. SN150619
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. júlí 2015 ásamt kæru dags. 9. júlí 2015, þar sem kært er leyfi til framkvæmda við hús á lóð nr. 59 við Laufásveg. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 17. ágúst 2015.

45. **Brautarholt 7**, kæra 31/2014, umsögn, (01.242.0) Mál nr. SN140206
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 16. apríl 2014 ásamt kæru dags. 15. apríl 2014 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 20. febrúar 2014 á breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 7 við Brautarholt. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. apríl 2014. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. október 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um

ógildin gu á ákvörðun borgarráðs frá 20. febrúar 2014 um að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir reitinn Brautarholt 7.

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 28. júlí 2015 um að veita leyfi til að byggja stúdentagarða, tvær steinsteyptar þriggja hæða byggingar með 102 íbúðareiningum, sem umlykja innigarð, og bílakjallara fyrir 19 bíla á lóð nr. 7 við Brautarholt.

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 18. ágúst 2015 um að veita takmarkað byggingarleyfi fyrir aðstöðusköpun og jarðvinnu á lóð nr. 7 við Brautarholt.

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

Rétt bókun er:

Lagt fram

Jafnframt er afturkölluð vísun til borgarráðs af fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

46. **Túngötureitur**, kæra 98/2011, umsögn, (01.137.4) Mál nr. SN110520
úrskurður
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 8. desember 2011 ásamt kæru dags. 30. nóvember 2011 þar sem kært er deiliskipulag Túngötureits. Einnig lögð fram umsögn lögfræðings umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. janúar 2014. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. október 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 3. nóvember 2011 um að samþykkja tillöguna að deiliskipulagi fyrir Túngötureit.

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

Rétt bókun er:

Lagt fram

Jafnframt er afturkölluð vísun til borgarráðs af fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

47. **Stóragerði 40-46**, kæra 21/2008, (01.803.1) Mál nr. SN080395
umsögn, úrskurður
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf frá úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 28. maí 2008 ásamt kæru dags. 19. mars 2008 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagsáætlun Stóragerðis 40-46 sem var samþykkt á fundi skipulagsráðs þann 16. janúar 2008. Breytingin var auglýst þann 26. febrúar 2008. Einnig er lögð fram umsögn lögfræði og stjórnáslu, dags. 22. september 2008. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 8. október 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 7. febrúar 2008 er lítur að breyttum mörkum deiliskipulags Espigerðis frá árinu 1971.

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

Rétt bókun er:

Lagt fram

Jafnframt er afturkölluð vísun til borgarráðs af fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

48. **Njarðargata 25**, kæra 73/2013, umsögn, (01.186.5) Mál nr. SN130367
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. júlí 2013 ásamt kæru, dags. 19. júlí 2013 vegna samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. maí 2013 á breyttu deiliskipulagi Nönnugötareits vegna lóðar nr. 25 við Njarðargötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 29. október 2013. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og

auðlindamála frá 29. september 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 30. maí 2013 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.185.6, Nönnugötureits. Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 14. október 2015.

Rétt bókun er:

Lagt fram

